

Fimmtudaginn 19. september 1991.

Nr. 366/1991: **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kjartani Stefánssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu.
Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1991. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Austur-Skaftafellssýslu eftir útgáfu ákæru verði úr gildi felld og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Verjandi ákærða fellst á kröfur ákærvalds.

Lögreglan í Austur-Skaftafellssýslu hóf frumrannsókn máls þessa 27. febrúar 1987. Ákæra í málinu var gefin út 27. apríl 1987, og var hún birt ákærða í sakadómi Reykjavíkur 29. september 1988. Páll Björnsson, sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm 31. mars 1989, en hann fer jafnframt með lög-reglustjórn þar. Dómurinn var birtur af fulltrúa sýslumanns Húsvetninga á Skagaströnd 8. febrúar 1991. Fram kemur í gögnum málsins að ákærði hefur oft brugðið dvalarstað, og mun það vera ástæða þess, hve málsmeðferð hefur dregist.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Austur-Skaftafellssýslu hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að taka kröfu ákærvaldsins, sem ákærði hefur fallist á, til greina, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir sakadómi Austur-Skaftafellssýslu eftir útgáfu ákæru eru felld úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Austur-Skaftafellssýslu 31. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. apríl 1987, á hendur Kjartani Stefánssyni, verbúðinni Ásgarði, Höfn, fæddum á Akureyri 6. október 1944, fyrir að aka 27. febrúar 1987, sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni Y-11477, án skráningarmerkja og óskoðaðri síðan 1984, um götur á Höfn.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 27. gr., 18. gr. og 19. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar brot ákærða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 27. gr., 18. gr. og 19. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, er svara til 59. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 63. gr. og 67. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, en samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, ber nú að dæma brotið eftir umferðarlögum nr. 50, 1987.

— — —

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af fyrri brotaferli hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Í ákæru er krafa gerð um sviptingu ökuleyfis, en ákærði er eigi sakaður um brot, sem varði slíkri sviptingu, auk þess sem ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Lárusar Bjarnasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.

Meðferð máls þessa hefur dregist vegna þess, hve erfiðlega gekk að hafa uppi á ákærða til að birta honum ákærana.

Dóm þennan kvað upp Páll Björnsson sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Stefánsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Lárusar Bjarnasonar hdl., kr. 20.000, greiði ákærði að fullu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
